

Rektor setti fund kl. 12:15.

Mættir voru auk hans:

Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara
og

Finnur Friðriksson fulltrúi kennara á meðan Þóroddur vék af fundi undir 9. dagskrárlíð

Fjarverandi:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Elísabet Hjörleifsdóttir lektor
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir sérfræðingur hjá RHA
Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 260. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar – nóvember 2007

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – nóvember 2007. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 1.022,73 m.kr. (95,27% af áætlun ársins) þar af 574,40 m.kr. vegna kennsludeilda.

3. Samningar við menntamálaráðuneyti og L.Í.Ú.

Rektor kynnti kennslu- og rannsóknasamning milli HA og menntamálaráðuneytis. Samningurinn gildir til ársloka 2010. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárveitingum vegna þeirra markmiða sem lýst er í samningnum. Viðbótarframlagið er 75 m.kr. á upphafsári, það hækkar síðan árlega frá árinu á undan sem nemur 100 m.kr. á fjárlögum 2009 og 100 m.kr. á fjárlögum 2010.

Rektor kynnti einnig samning við LÍÚ um samstarf á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi. Samningurinn gerir ráð fyrir 45 m. kr. fjárframlagi á samningstímanum en samningurinn gildir til ársloka 2010.

Báðir samningarnir voru undirritaðir á Ársfundi háskólans þann 18. desember sl.

Háskólaráð staðfesti báða samningana og veitti rektor umboð til að skipa fulltrúa í verkefnisstjórn, skv. 4. gr. samningsins við LÍÚ.

4. Meistaránám í heimskautarétti

Fyrir fundinum lágu tillögur um meistaránám í heimskautarétti við félagsvísinda- og lagadeild sem færi af stað haustið 2008. Háskólaráð samþykkti tillögurnar sem slíkar en vísaði þeim til frekari umfjöllunar í tengslum við rekstraráætlun 2008.

5. Fjarnám í iðjupjálfun

Ræddar voru hugmyndir um að bjóða upp á fjarnám í iðjupjálfun við heilbrigðisdeild frá og með haustmíssi 2008. Háskólaráð óskaði eftir nánari tillögum frá deildinni um

hvernig þetta verði framkvæmt og vísar þeim til umfjöllunar í tengslum við rekstraráætlun 2008.

6. Nám á umhverfis- og orkubraut

Ingi Rúnar kom inn á fund og gerði grein fyrir tillögu viðskipta- og raunvísindadeildar um að þeir nemendur sem ekki voru innritaðir til náms á sviði umhverfis- og orkufræða á skólaárinu 2007-2008, verði skráðir til náms á umhverfisbraut samkvæmt núverandi skipulagi náms á sviði umhverfis- og orkufræða, en með auknum fjölda valnámskeiða samkvæmt nánari útfærslu. Háskólaráð samþykkti tillöguna að því tilskyldu að kostnaður fari ekki yfir 3 m.kr. Nánari útfærslu var vísað til framkvæmdastjórnar og gæðaráðs. Rætt var um að líklega yrðu nemendur ekki teknir inn á umhverfisbraut skólaárið 2008-2009 en fyrir dyrum stendur endurskoðun á auðlindasviði við deildina.
Ingi Rúnar yfirgaf fund.

7. Rannsóknasjóður HA

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir verkefnastjóri rannsókna kom inn á fundinn og gerði grein fyrir tillögu stjórnar Rannsóknasjóðs HA um aukið fjármagn til sjóðsins. Lagt var til að háskólinn auki framlag sitt í sjóðinn um 3 m.kr. frá síðasta ári og nemi framlag háskólans þá samtals 14 m.kr. fyrir árið 2008. Háskólaráð samþykkti tillöguna að því tilskyldu að viðbótarframlagið, 3 m.kr., renni til að vinna að umsóknum í samkeppnissjóði og auglýstur verði annar umsóknarfrestur vegna þessarar upphæðar á vormisseri 2008.
Guðrún Rósa yfirgaf fund.

8. Rekstraráætlun 2008

Rekstraráætlun 2008 var samþykkt. Gert er ráð fyrir liðlega 15 m.kr. rekstrarafgangi en jafnframt var samþykkt að ráðstafa ekki að sinni 20 m.kr. Starfshópum um gæði kennslu og rannsóknavirkni var falið að gera tillögur um aðgerðir til eflingar rannsókna og kennslu í samræmi við markmið nýs samnings um kennslu og rannsóknir milli HA og menntamálaráðuneytis. Jafnframt var rektor falið að gera áætlun til þriggja ára um rekstur háskólans þar sem einkum verði tekið tillit til þessara tillagna og markmiða samningsins og leggja þá áætlun fyrir háskólaráð fyrir lok febrúar. Þar fylgi einnig með nánari tillögur um nýtingu óráðstafaðra fjármuna í áætlun ársins 2008.

9. Dómnefndarálit

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir fulltrúi í dómnefnd HA kom inn á fund og kynnti dómnefndarálit um hæfi Brynhildar Þórarinsdóttur, Finns Friðrikssonar og Grétars Þórs Eypórssonar til gegna stöðum háskólakennara við HA.
Þóroddur vék af fundi á meðan fjallað var um dómnefndarálit um Brynhildi og kom Finnur Friðriksson varafulltrúi háskólaráðs inn á fund á meðan.
Háskólaráð samþykkti dómnefndarálit sem mat Brynhildi hæfa til að gegna stöðu lektors við háskólann.
Háskólaráð samþykkti dómnefndarálit sem mat Finn hæfan til að gegna stöðu lektors við háskólann.
Háskólaráð frestaði afgreiðslu á dómnefndaráliti um Grétar Þór Eypórsson til næsta fundar.

10. Álitsgerð

Guðríður Gyða kynnti álitsgerð formanns dómnefndar um hæfi Jakobs Th. Möllers til að gegna stöðu gestaprófessors við félagsvísinda- og lagadeild HA.
Háskólaráð frestaði afgreiðslu til næsta fundar.
Guðríður Gyða yfirgaf fund.

11. Frumvörp til laga

Lögð voru fram frumvörp til laga um grunnskóla, 285. mál, framhaldsskóla, 286. mál, leikskóla, 287. mál og menntun og ráðningar kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál. Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum háskólans um frumvörpin. Frumvörpin verða send kennaradeild til umsagnar.

12. Endurskoðun reglna um rannsóknaleyfi

Elísabet Hjörleifsdóttir formaður rannsóknaleyfanefndar kom inn á fund og kynnti tillögur um breytingar á reglum um rannsóknaleyfi kennara við HA. Afgreiðslu var frestað og Þóroddi falið að vinna áfram með Elísabetu að breytingartillögum á grundvelli umræðna á fundinum.

13. Skipun umhverfisráðs

Háskólaráð skipaði eftirtalda í umhverfisráð háskólans til næstu tveggja ára:

Astrid M. Magnúsdóttir forstöðumaður
Guðmundur Óskarsson lektor
Hjörtur Ágústsson nemi, skipaður fyrir skólaárið 2007- 2008
Kristín Aðalsteinsdóttir deildarforseti, jafnframt formaður
Til vara:
Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður
Sigrún Sveinbjörnsdóttir dósent

14. Önnur mál

14.1 Háskólaráð samþykkti tillögu rektors og Þórodds um breytingar á reglum um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við HA. Lögðu þeir til að aftan við ákvæði um gestaprófessora í 1. kafla reglnanna bætist við svohljóðandi texti:

Háskólaráði er heimilt að útnefna heiðursprófessora við Háskólann á Akureyri samkvæmt tillögu deildarfundar. Heiðursprófessorar skulu vera þekktir, viðurkenndir sérfræðingar með framúrskarandi starfsferil á tilteknu sviði samfélagsins. Þeir skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar að mati formanns dómnefndar og sinna stundakennslu við viðkomandi deild. Réttindi og skyldur akademískra prófessora eiga ekki við um heiðursprófessora.

14.2 Háskólaráð staðfesti þjónustusamning milli sjávarútvegsráðuneytis og HA um ritstjórn á gagnaveitu um haf og sjávarútveg. Samningurinn var undirritaður 19. desember sl.

14.3 Þóroddur spurðist fyrir um hvernig ferli yrði háttað með málstefnu HA sem tekin var fyrir á fundi háskólaráðs þann 3. desember sl. Rektor vísaði í samþykkt háskólaráðs þann 3. desember og sagði að auk þess, að frumkvæði Brynhildar Þórarinsdóttur, myndi Íslensk málnefnd halda málþing um málnotkun á háskólastigi á næstunni í Háskólanum á Akureyri.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.